



Skorradalshreppur
Mófellsstaðakoti
311 Borgarnesi

Dagsetning **12. nóvember 2024**
Málsnúmer IRN24110042

Innviðaráðuneytinu hefur borist hjálagt erindi Péturs Davíðssonar, sveitarstjórnarfulltrúa í Skorradalshreppi, vegna fyrirhugaðrar íbúakosningar í sveitarfélaginu sem fram á að fara á grundvelli 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í erindinu er óskað eftir álitni innviðaráðuneytisins á „ferli sem á að fara fram í Skorradalshreppi“ eins kemur fram í erindinu, en það má jafnframt ráða af erindinu, að farið er fram á að ráðuneytið veiti álit sitt á því hvort að íbúakosning, sem fram fer skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga, sé bindandi eða ráðgefandi. Hefur erindið því verið sett í þann farveg að ráðuneytið mun leggja mat á hvort að efni þess gefi tilefni til að fjalla formlega um stjórnáslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Af gögnum málsins verður einnig ráðið að sveitarfélagið hefur samþykkt að kanna möguleika á sameiningu sveitarfélagsins á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga og kjósa samstarfsnefnd til að annast athugun málsins. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að eftir að slík ákvörðun hefur verið tekin, ber sveitarstjórn að hafa umræðu án atkvæðagreiðslu um álit samstarfsnefndar og láta svo fara fram íbúakosningu skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæðið felur þannig í sér lagaskyldu fyrir sveitarstjórn að láta fara fram íbúakosningu um álit samstarfsnefndar og hefur sveitarstjórn ekki heimild til að falla frá ákvörðun sinni um skipan samstarfsnefndar eftir að hún hefur verið tekin.

Í gögnum málsins kemur fram að sveitarstjórn hafi komist að þeirri niðurstöðu að 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga hamli því ekki að unnt sé að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um þá ákvörðun sveitarstjórnar. Í ákvæðinu segir m.a. að almennrar atkvæðagreiðslu verður ekki krafist um tillögu sem *gengur gegn lögum* eða mundi leiða til þess að *lagaskyldu yrði ekki fullnægt* af hálfu sveitarfélagsins.

Með vísan til framangreinds er óskað eftir að sveitarfélagið veiti umsögn sína um erindið, og upplýsi ráðuneytið sérstaklega um þau lagasjónarmið sem lágu að baki ákvörðun sveitarfélags um að 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga hamli því ekki að unnt sé að krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar, sem þegar hefur verið tekin, um að kanna möguleika á sameiningu sveitarfélagsins og kjósa samstarfsnefnd skv. 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu rafrænt í netfangið irn@irn.is, eigi síðar en þriðjudaginn 26. nóvember nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

F.h. ráðherra

Aðalsteinn Eyþór Þorsteinsson

Björn I. Óskarsson